


FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

GILDI & GAGNSEMI TVÍSKÖTTUNARSAMNINGA



Ritröð fjármálaráðuneytisins 1996-1998

Samræmd skattlagning fjármagnstekna. Rit ; 1996-1.

Lög um bókhald, lög um ársreikninga : ásamt greinargerðum. Rit ; 1996-2.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Rit ; 1996-3.

Árangursstjórnun í ríkisrekstri. Rit ; 1996-4.

Innheimta opinberra gjalda. 2. útg., [endursk.]. Rit ; 1997-1.

Skilabréf og greinargerð jaðarskattanefndar. Rit ; 1997-2.

Kynslóðareikningar : skýrsla fjármálaráðherra. Rit ; 1997-3.

Ríkisábyrgðir. Rit ; 1997-4.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri ríkisstofnana. Rit ; 1997-5.

Á leið til nýrrar aldar. Rit ; 1998-1

Gildi og gagnsemi tvísköttunarsamninga. Rit ; 1998-2

Enn fremur gefur fjármálaráðuneytið út eftirtalin fjárlagarit árlega:

Verkefnavísar.

Frumvarp til fjárlaga.

Fjárlög.

Skýrsla um ríkisfjármál.

Treasury finances.

GILDI OG GAGNSEMI TVÍSKÖTTUNARSAMNINGA

Fjármálaráðuneytið rit 1998-2

Apríl 1998

ISBN 9979-820-39-X

Prentun: Steindórsprent Gutenberg

GILDI OG GAGNSEMI TVÍSKÖTTUNARSAMNINGA


FORMÁLI

Í mars 1995 markaði ríkisstjórnin þá stefnu, að tillögu fjármálaráðherra, að gerðir yrðu tvíhliða skattasamningar við ýmis ríki til þess að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og skattsvik. Skipuð var nefnd um gerð tvísköttunarsamninga (NUT) til þess að fara með yfirstjórn starfsins. Í henni eiga sæti fulltrúi iðnaðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis auk fulltrúa fjármálaráðuneytisins og embættis ríkisskattstjóra. Jafnhliða var skipuð sérstök samninganefnd um tvísköttun (SUT) en hún hefur annast hinar eiginlegu samningaviðræður.

Í starfinu hefur verið lögð áhersla á að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og velja þau ríki til samningaviðræðna þar sem íslenskir hagsmunir kunna að vera í húfi. Mikilvægt er að atvinnufyrirtæki og einstaklingar, sem eiga í vaxandi mæli viðskipti við útlönd, hafi haldgóða þekkingu á gildi tvísköttunarsamninga og gagnsemi þeirra. Samvinna við samtök atvinnulífsins er því afar mikilvæg í þessu starfi. Fleira kemur hér einnig til. Unnið er nú að alþjóðlegum fjárfestingarsamningi á vettvangi OECD-ríkjana. Í þeirri samningagerð hefur náðst samstaða um að skattalegum málefnum verði best fyrirkomið í tvíhliða skattasamningum á milli ríkja fremur en í umfangsmiklum alþjóðlegum samningi um fjárfestingu. Þetta hvetur stjórnvöld og atvinnulíf til þess að gefa þessum málum gaum. Hafa þarf hugfast að milliríkjasamningar um tvísköttun teljast til alþjóðasamninga og fá málsmeðferð í samræmi við það.

Í þessu riti er leitast við að gefa nokkra innsýn í efni tvísköttunarsamninga og lýsa stöðu Íslands í því samhengi. Þó átak hafi verið gert á liðnum árum þá eru fjölmörg verkefni óunnin.

F.h. nefndar um gerð fjárfestingarsamninga
og tvísköttunarsamninga



I. INNGANGUR

Efnahags- og rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja hafa tekið stórfelldum stakka-skiptum undanfarin ár og hið sama á við um atvinnu- og búsetumöguleika einstaklinga. Það verður sífellt algengara að fyrirtæki jafnt sem einstaklingar hasli sér völl erlendis og stundi þar viðskipti eða atvinnu um lengri eða skemmri tíma. Til þess að jafna aðstöðu íslenskra fyrirtækja og auðvelda þeim útrás á erlenda markaði og til þess að gera einstaklingum fært að stunda atvinnu eða afla sér verkefna utan Íslands, hafa íslensk stjórnvöld gert samninga við önnur ríki á sviði skattaréttar, svonefnda tvísköttunarsamninga. Tvísköttunarsamningar eru að mestu leyti byggðir á þeirri samningsfyrirmynd sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur gefið út og endurskoðar með reglulegu millibili. Með þessari samningsfyrirmynd er markvisst stefnt að því að skýra og einfalda stöðu skattgreiðenda samningsríkjanna. Er þetta einn megintilgangur OECD samningsfyrirmyndarinnar sem, eins og áður greinir, er fyrirmynd að þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert.

Tvísköttunarsamningar sem íslenska ríkið hefur gert við önnur ríki eru hluti af þeim réttarreglum sem beitt er við álagningu skatta á tekjur og eignir erlendra aðila hér á landi.

Þessu riti er ætlað að veita upplýsingar um eðli og tilgang tvísköttunarsamninga. Hins vegar skal vakin athygli á því að athuga þarf vel ákvæði hvers tvísköttunarsamnings um sig, þar sem reglur um skattlagningu tiltekinna tekna eða eigna geta verið mismunandi eftir því hvaða samningur á í hlut.

II. HVENÆR GETUR TVÍSKÖTTUN ÁTT SÉR STAÐ?

Tvísköttun getur átt sér stað þegar tvö ríki krefja sama aðila um sambærilega skatta af sömu tekjum eða eignum fyrir sama tímabil. Þetta getur verið vegna þess að einstaklingur eða fyrirtæki er talið heimilisfast í báðum ríkjunum á grundvelli skattalaga þeirra beggja. Tvísköttun getur einnig átt sér stað þegar einstaklingur sem skattskyldur er í sínu heimilisfestisríki er einnig skattlagður í öðru ríki vegna þess að hann hefur fjárhagsleg eða önnur persónuleg tengsl við það ríki. Fyrirtæki getur sömuleiðis lent í slíkri tvísköttun, til dæmis vegna þess að það stundar rekstur í öðru ríki um skamm-an tíma og tekjurnar af slíkri starfsemi eru skattskyldar þar og einnig í heimilisfestis-ríkinu.

Fyrirtæki sem staðsett er á Íslandi getur átt hlut í fyrirtæki í öðru ríki og fengið þaðan greiddan arð sem skattlagður er í því ríki en sem einnig er skattlagður að fullu sem hagnaður hér á landi. Hætta er á að þessi staða komi upp ef tvísköttunarsamningur er ekki fyrir hendi.

III. HVAD ERU TVÍSKÖTTUNARSAMNINGAR OG HVER ER TILGANGUR ÞEIRRA?

Tvísköttunarsamningar eru þjóðréttarsamningar milli tveggja eða fleiri ríkja um að komast hjá alþjóðlegri lagalegri tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir. Með alþjóðlegri lagalegri tvísköttun er átt við álagningu sambærilegra skatta í tveimur eða fleiri ríkjum á sama skattaðila, á sama skattstofn og á sama tímabili.

Meginmarkmið tvísköttunarsamninga er að koma í veg fyrir tvísköttun, að skipta með sanngjörnum hætti skattlagningarrétti á milli samningsríkjanna, að koma í veg fyrir mismunun, að tryggja jafnrétti og öryggi skattaðila og að koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu, þar á meðal að hindra skattaflóttu.

Tvísköttunarsamningar eru ekki sjálfstæð skattlagningarheimild. Markmið þeirra er samkvæmt framansögðu ívilnandi en ekki íþyngjandi. Einungis má skattleggja tekjur og eignir hér á landi samkvæmt heimildum í íslenskum skattalögum.

Tvísköttunarsamningar sem Ísland gerir, öðlast gildi að þjóðarrétti um leið og samningarnir hafa verið fullgiltir af Íslands hálfu og að landsrétti eftir að birting hefur farið fram. Ef ákvæði í íslenskum lögum stangast á við ákvæði tvísköttunarsamnings og lagagreinin yrði talin réttærri og gengi framár, yrði um að ræða brot á þjóðréttar-skuldbindingu af hálfu Íslands.

IV. SKATTSKYLDA ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA OG EINSTAKLINGA Á ÍSLANDI

Í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er kveðið á um það hverjir bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Þeir einstaklingar og lögaðilar sem teljast bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi eru skyldir til að greiða tekjuskatt hér af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru.

Ef erlent ríki, samkvæmt skattalöggjöf sinni, krefur einstakling eða lögaðila um skatt af tekjum eða eignum sem einnig eru skattskyldar hér á landi, verður um tvísköttun að ræða. Í íslenskri skattalöggjöf er einungis að takmörkuðu leyti tekið tillit til þess þegar tekjur eða eignir, sem skattskyldar eru hér á landi, eru einnig skattlagðar í öðru ríki. Þó er þar að finna heimild til handa ríkisskattstjóra til að lækka tekjuskatt eða eignarskatt og útsvar, samkvæmt umsókn skattaðila eða ábendingu skattstjóra, með hliðsjón af skattgreiðslum erlendis ef tvísköttunarsamningur er ekki í gildi við viðkomandi ríki. Þetta dugar þó ekki alltaf til þar sem upp geta komið vandamál sem þessi heimild skattalaga leysir ekki úr.

Taka má sem dæmi íslenskt fyrirtæki sem innir af hendi þjónustu erlendis. Ekki er í gildi tvísköttunarsamningur við ríkið þar sem þjónustan er innt af hendi. Það ríki leggur 30% tekjuskatt á tekjur íslenska fyrirtækisins. Ef þetta fyrirtæki er rekið með tapi hér á landi getur það ekki dregið frá þann skatt sem það greiddi erlendis eða fengið lækkun á greiddum skatti hér á landi vegna skattgreiðslna erlendis. Ef tvísköttunarsamningur er fyrir hendi, er meginreglan sú að hagnaður af atvinnustarfsemi er einungis skattlagður í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast, þ.e. á Íslandi. Með öðrum orðum, þetta fyrirtæki greiðir ekki skatt af viðkomandi tekjum.

Í tvísköttunarsamningum felast miklir hagsmunir. Íslenska ríkið hefur kappkostað að ná tvísköttunarsamningum við þau ríki þar sem íslenskir hagsmunir eru í húfi og styrkja þar með íslenskt atvinnulíf, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

V. ÍSLENSK FYRIRTÆKI SEM REKA STARFSEMI ERLENDIS

1. Hvenær getur orðið um skattskyldu erlendis að ræða?

Íslenskt fyrirtæki, sem stundar einhverja starfsemi erlendis, getur orðið skattskyld þar af þeirri starfsemi. Fyrirtæki getur t.d. orðið skattskyld í öðru ríki vegna þess að það selur þjónustu sína þar, s.s. við uppsetningu hugbúnaðar, selur þar vörur eða fær þaðan greiðslur fyrir afnot af eða rétt til að hagnýta einkaleyfi. Fyrirtækið getur einnig átt eignarhlut í erlendu fyrirtæki og þurft að greiða skatt af þeim hagnaði er það fær í sinn hlut eða þurft að greiða skatt af vöxtum er það fær vegna verðbréfa í eigu þess sem eru skráð á erlendum mörkuðum.

Til þess að hlutafélag eða annar lögaðili beri ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, þarf það að uppfylla ákveðin skilyrði s.s. að vera skráð hér á landi samkvæmt íslenskum lögum eða raunveruleg framkvæmdastjórn þess sé hér á landi. Fyrirtæki, sem skrásett eru hér á landi og hafa tekjur sem upprunnar eru utan Íslands eða eiga eignir erlendis, bera hér ótakmarkaða skattskyldu af þeim tekjum og eignum nema til komi tvísköttunarsamningur sem kveður annað hvort á um að samningsríkin skipti skattlagningarrétti á milli sín eða að viðkomandi tekjur eða eignir skuli einungis skattlagðar í öðru hvoru samningsríkinu.

2. Tvöfalt heimilisfesti.

Teljast fyrirtæki bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, hefur það jafnframt heimilisfesti hér á landi. Það getur hent að fyrirtæki teljist hafa heimilisfesti í tveimur ríkjum samtímis sem felur í sér að fyrirtækið telst bera ótakmarkaða skattskyldu í þeim báðum. Því er í flestum tvísköttunarsamningum ákvæði sem kveður á um hvort ríkjanna skuli teljast heimilisfestisríki samkvæmt samningnum í þeim tilvikum. Oftast kveður það ákvæði á um að þegar þannig stendur á skuli

fyrirtæki einungis teljast heimilisfast í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þess hefur aðsetur.

Sem dæmi um slíkt tilvik má taka eignarhaldsfélag sem skrásett er á Bretlandi og einnig á Íslandi. Ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er á Íslandi yrði fyrirtækið talið heimilisfast á Íslandi. Þar fer hin daglega stjórn fyrirtækisins fram og allar meiri háttar ákvarðanir eru teknar á stjórnarfundum félagsins sem haldnir eru hér á landi. Fyrirtækið yrði því talið bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi og skattlagt samkvæmt því. Hins vegar bæri það takmarkaða skattskyldu á Bretlandi og yrði því einungis skattskylt þar í landi af tekjum sem þaðan eru upprunnar.

3. Íslenskt fyrirtæki með fasta atvinnustöð erlendis.

Ef reglubundin starfsemi fyrirtækis, sem er heimilisfast á Íslandi, fer að hluta eða öllu leyti fram erlendis eða ef fyrirtækið stofnar útibú, setur á laggirnar skrifstofu, verksmiðju eða verkstæði erlendis, telst fyrirtækið hafa fasta atvinnustöð þar. Það felur það í sér að hagnaður af starfsemi hinnar föstu atvinnustöðvar er skattskyldur í því ríki þar sem starfsemin fer fram. Frá þessum hagnaði er heimilt að draga frá þau útgjöld sem leiða af því að hún er föst atvinnustöð fyrirtækisins. Hvað teljast vera frádráttarbær útgjöld í þessu sambandi fer eftir reglum í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er.

Ef íslenskt fyrirtæki rekur útibú erlendis er hagnaður af rekstri útibúsins skattskyldur í því ríki þar sem útibúið er. Skilyrðið er að starfsemi fyrirtækisins fari þar fram að hluta eða öllu leyti. Þá yrði talið að um fasta atvinnustöð væri að ræða, sem gæti falist í því að þar væri aðsetur framkvæmdastjórnar, eða þaðan væri rekin verksmiðja, stofnsett skrifstofa eða rekið verkstæði sem ekki er ætlað að vera til staðar um skamman tíma. Þar með er fyrirtækið skattskylt af þeim hagnaði er það hlýtur af rekstri hinnar föstu atvinnustöðvar.

4. Siglingar og loftferðir.

Flestir tvísköttunarsamningar hafa að geyma sérreglu um skattlagningu á hagnað fyrirtækja sem stunda rekstur á sviði siglinga og loftferða. Meginreglan er sú að hagnaður af rekstri skipa og loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skuli einungis skattlagður í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur. Í sumum samningum sem Ísland hefur gert, hefur það ríki, þar sem fyrirtækið er skráð, skattlagningarréttinn. Þetta skýrist af því að sum ríki hafa ekki heimild til að skattleggja fyrirtæki eingöngu vegna þess að aðsetur framkvæmdastjórnar fyrirtækisins er þar. Má sem dæmi nefna samninga Íslands við Kanada og Kína. Samkvæmt Norðurlandasamningnum skal hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum einungis skattlagður í heimilisfestisríki þess sem hagnaðinn hlýtur.

Með hagnaði af rekstri skipa og loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum er fyrst og fremst átt við hagnað af flutningi á farmi og fólki. Í þessu getur einnig falist hagnaður af leigu flugvéla og skipa sem leigð eru út fullbúin og mönnuð. Enn fremur tekur slíkur hagnaður til sölu á farmiðum, reksturs bifreiða sem aka með vörur eða farþega til flugvalla, svo nokkur dæmi séu nefnd um þá starfsemi er getur tengst beint rekstri skipa og flugvéla á alþjóðaleiðum.

Sem dæmi má nefna flugfélag sem rekur loftför í flutningum á alþjóðaleiðum og aðsetur framkvæmdastjórnar flugfélagsins er á Íslandi. Félagið rekur flugvélar í flutningum á alþjóðaleiðum milli Bretlands og Íslands, selur farmiða í Bretlandi og rekur bifreiðar til flutnings á vörum og farþegum þar í landi gegn gjaldi. Hagnaður sem þetta félag hefur af slíkum rekstri yrði einungis skattskyldur á Íslandi.

5. Ágóðahlutir.

Almenna reglan um skattlagningu hlutafjárarðs er sú að hann er skattlagður í því ríki þar sem hluthafinn, hinn raunverulegi eigandi, er heimilisfastur. Það ríki þar sem félagið sem greiðir arðinn er heimilisfast má þó samkvæmt OECD samningsfyrirmyndinni halda eftir 15% af vergri fjárhæð arðsins sem greiddur er úr landi. Þegar hins vegar er um beina fjárfestingu að ræða, þ.e. þegar félagið sem fær arðinn greiddan út á a.m.k. 25% eignarhlutdeild í félaginu sem greiðir út arðinn, er sá arður ýmist undanþeginn skattlagningu í greiðsluríkinu eða greiðsluríkinu er heimilt að halda eftir 5% af vergri fjárhæð arðsins. Í Norðurlandasamningnum og tvísköttunarsamningi Íslands við Holland er eignarhlutdeild þessi lækkuð í 10%.

Með arði er hér átt við tekjur af hlutabréfum, stofnbréfum og öðrum réttindum sem ekki eru skuldakröfur en veita rétt til hlutdeildar í hagnaði.

Sem dæmi má taka íslenskt félag sem fær greiddan út arð frá félagi sem skráð er í Danmörku. Íslenska félagið á a.m.k. 10% eignarhlut í danska félaginu. Íslenska félagið greiðir einungis skatt af þeim arðgreiðslum á Íslandi.

6. Vextir.

Með vöxtum er átt við tekjur af hvers konar skuldakröfum án tillits til þess hvort þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki eða hvort þær fela í sér rétt til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki.

Alloft skipta samningsríki skattlagningu vaxta á milli sín þó ekki sé það einhlítt. Í sumum þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert er þannig heimilt að skattleggja vexti upp að vissu marki í því ríki þar sem þeir eru upprunnir. Sem dæmi má nefna tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert við Eistland og Lettland.

Í öðrum tilvikum kann að vera samið um að vextir skuli einungis skattlagðir í því ríki þar sem raunverulegur eigandi þeirra er heimilisfastur. Um skattlagningu

ingu á vöxtum gildir til dæmis sú meginregla í Norðurlandasamningnum og í tvísköttunarsamningi Íslands við Holland, að þeir skulu einungis skattlagðir í því samningsríki þar sem raunverulegur eigandi þeirra er heimilisfastur. Þannig myndu vextir sem greiddir eru frá Íslandi til aðila sem heimilisfastur er t.d. í Svíþjóð, einungis verða skattskyldir í Svíþjóð.

Því þarf að kanna ákvæði viðkomandi tvísköttunarsamnings að því er þetta varðar.

7. Þóknanir.

Með þóknunum er einkum átt við hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot af eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með taldar kvikmyndir, hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkön, áætlanir, leynilegar formúlur eða framleiðslu-aðferðir eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda, svo helstu dæmi séu nefnd.

Meginreglan er sú að þóknanir skulu einungis skattlagðar í því ríki þar sem raunverulegur eigandi þeirra er heimilisfastur. Þannig myndu þóknanir sem íslenskur rithöfundur fengi vegna útgáfu ritverks erlendis einungis verða skattskyldar hér á landi. Með sama hætti teldist greiðsla fyrir einkaleyfi í eigu íslensks aðila einungis skattskyld hér á landi.

Hins vegar er að finna í sumum tvísköttunarsamningum frávik frá þessari meginreglu. Sem dæmi má nefna tvísköttunarsamninga Íslands við Eistland og Lettland. Því þarf að kanna ákvæði viðkomandi tvísköttunarsamnings að því er þetta varðar.

8. Söluhagnaður af eignum.

Söluhagnaður af fasteign má skattleggja í því samningsríki þar sem fasteignin er. Ef íslenskt fyrirtæki á fasteign í Svíþjóð sem það síðan selur, skattleggst hagnaður af sölu eignarinnar þar, þrátt fyrir að þetta íslenska fyrirtæki reki ekki neina starfsemi í Svíþjóð.

Hagnaður af sölu lausafjár, sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, má skattleggja þar sem fasta atvinnustöðin er. Sama gildir um hagnaður af sölu á slíkri fastri atvinnustöð, einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild.

Sérregla gildir um skip og loftför. Hagnaður, sem hlýst af sölu skips eða loftfars í flutningum á alþjóðaleiðum, eða sölu lausafjár, sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

Hagnaður af sölu allra annarra eigna en að ofan greinir skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

Meginreglan um skattlagningu söluhagnaðar er því sú, að það samningsríki sem hefur rétt til að leggja tekjuskatt á þær tekjur sem eignin gefur af sér og til að leggja eignarskatt á eignina, skuli einnig eiga rétt til að skattleggja hagnað af sölu eignarinnar.

VI. SKATTLAGNING EINSTAKLINGA

Það sem skiptir höfuðmáli, þegar ríki annað hvort falla frá skattlagningarrétti sínum með samningi eða skipta þeim rétti á milli sín, er hvar viðkomandi hefur heimilisfesti.

Í hugtakinu *ótakmörkuð skattskylda* felst, að einstaklingar og lögaðilar sem eru heimilisfastir hér á landi eða eru hér skráðir á lögmæltan hátt teljast skattskyldir hér á landi af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru. Fyrir getur komið að einstaklingur teljist heimilisfastur í tveimur ríkjum á grundvelli löggjafar hvors ríkis um sig, t.d. þegar einstaklingur dvelur á sama almanaksári í sex mánuði samfleytt í hvoru ríkinu um sig. Þegar slík staða kemur upp er það ákvæði tvísköttunarsamnings sem sker úr um í hvoru ríkinu einstaklingurinn telst heimilisfastur.

Meginreglan er sú að maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum samningsríkjunum þá telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem miðstöð persónuhagsmuna hans er.

Einstaklingur, sem á fjölskyldu og heimili á Íslandi en dvelur um 6 mánaða skeið í Danmörku, telst samkvæmt þessu heimilisfastur á Íslandi og ber hér ótakmarkaða skattskyldu. Hins vegar ber hann takmarkaða skattskyldu í Danmörku og skattur þar í landi er einungis lagður á þær tekjur sem hann hefur þaðan.

1. Launatekjur.

Í tvísköttunarsamningum er að finna ákvæði um skattlagningu launatekna. Með launatekjum er átt við starfslaun, vinnulaun eða annað svipað endurgjald er maður fær fyrir vinnuframlag sitt.

Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi en dvelja um skamman tíma erlendis við launuð störf, eru skattskyldir í atvinnuríkinu af þeim launum. Maður, sem dvelur um þriggja mánaða skeið samfleytt t.d. í Svíþjóð og stundar þar launað starf, greiðir skatt í Svíþjóð af launum fyrir þetta starf. Hversu háan skatt einstaklingurinn þarf að greiða fer eftir þeim reglum er gilda í atvinnuríkinu um skattlagningu launatekna. Þessar tekjur eru þó einnig skattskyldar hér þar sem viðkomandi einstaklingur er skyldur til að greiða tekjuskatt hér af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað. Við álagningu tekjuskatts og útsvars á tekjur þessa einstaklings er á grundvelli tvísköttunarsamnings tekið tillit til þeirra skattgreiðslna sem hann hefur innt af hendi erlendis.

Frá þessari reglu eru þó undantekningar. Eina slíka undantekningu er að finna í Norðurlandasamningnum um þá er starfa við sjómennsku um borð í fiski-, sel- eða hvalveiðiskipi. Sjómaður, sem heimilisfastur er í Noregi og starfar um borð í íslensku fiskiskipi sem gert er út frá Íslandi, er einungis skattskyldur af tekjum fyrir þau sjómannsstörf í Noregi þó að hann dvelji hér á landi við sjómennsku í meira en 6 mánuði samfleytt á almanaksári.

2. Sjálfstæð starfsemi.

Tekjur, sem einstaklingur hefur af sérfræðipjónustu eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki þar sem hann er heimilisfastur.

Með sjálfstæðri starfsemi er einkum átt við sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- og kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

Sérfræðistörfin þurfa að hafa sjálfstæði í för með sér og einstaklingurinn verður að leysa störfin af hendi á eigin reikning og bera sjálfur áhættu af árangri vinnunnar. Sérfræðingur sem leysir starf af hendi sem launþegi fellur þannig ekki hér undir, s.s. læknir í verksmiðju eða lögfræðingur sem er launþegi hjá fyrirtæki.

3. Stjórnarlaun.

Um stjórnarlaun gildir sú meginregla að þau má skattleggja í því ríki þar sem viðkomandi fyrirtæki hefur heimilisfesti.

Laun sem aðili, heimilisfastur á Íslandi, fær fyrir setu í stjórn erlends fyrirtækis yrðu þannig skattlögð í því ríki þar sem fyrirtækið hefur heimilisfesti.

Þetta á ekki við um greiðslur sem stjórnarmeðlimir fá fyrir önnur störf í fyrirtækinu, s.s. greiðslur sem þeir fá fyrir ráðgjöf.

4. Listamenn og íþróttamenn.

Skattleggja má aðila heimilisfastan í samningsríki af tekjum, sem hann aflar í hinu samningsríkinu með persónulegum störfum sem listamaður, s.s. sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

Utan þessa falla gestafyrirlesarar og aðstoðarfólk ýmiss konar, t.d. kvikmyndatökumenn, framleiðendur, leikstjórar, stílistar, tæknimenn o.s.frv. Hugtakið íþróttamaður er ekki skilgreint nákvæmlega en það er ekki takmarkað við þátttakendur í hefðbundnum íþróttageinum.

Þegar tekjur af starfi listamanns eða íþróttamanns renna til annars aðila, má skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starfsemin fer fram.

5. Eftirlaun.

Um eftirlaun gildir sú meginregla að þau skuli einungis skattlögð í því ríki þar sem móttakandi þeirra er heimilisfastur. Hins vegar er mikilvæg undantekning

frá þessari meginreglu sú, að eftirlaun sem greidd eru vegna fyrri starfa hjá hinu opinbera og sem greidd eru samkvæmt ákvæðum almannatryggingarlöggjafar viðkomandi ríkis, skulu einungis skattlögð í upprunaríkinu.

Í Norðurlandasamningnum er það frávik frá þessari meginreglu að eftirlaun og lífeyrir, sem greiddur er frá samningsríki og greiðslur frá samningsríki samkvæmt almannatryggingalöggjöf þess til aðila heimilisfasts í öðru samningsríki, skulu einungis skattlögð í fyrrnefnda ríkinu.

6. Námsmenn og starfsnemar.

Íslenskir námsmenn eða starfsnemar, sem dvelja um stundarsakir í samningsríki í þeim tilgangi að afla sér menntunar eða starfsþjálfunar skulu ekki skattlagðir í því ríki af þeim greiðslum sem þeir fá til að standa straum af framfærslu þeirra, námi eða starfsþjálfun, enda séu slíkar greiðslur til þeirra runnar frá aðilum utan dvalarríkisins.

Í sumum tvísköttunarsamningum er námsmönnum einnig heimilt að afla tekna sér til framfærslu upp að ákveðnu hámarki í dvalarríkinu án þess að þeir verði skattskyldir í því ríki af þeim tekjum. Dæmi um þetta má finna í tvísköttunarsamningi Íslands við Bandaríkin og í bókunarákvæði Norðurlandasamningsins.

VII. AÐFERÐIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR TVÍSKÖTTUN

Við álagningu skatts ber að fara eftir ákvæðum gildandi tvísköttunarsamninga um aðferð til að koma í veg fyrir tvísköttun. Þar sem ákvæði samninganna eru mismunandi verður að skoða í hverju tilviki fyrir sig, hvaða skattlagningaraðferð er notuð. Er þá einkum litið til tveggja aðferða; undanþágu og frádráttar.

1. Undanþáguaðferð.

Við skattlagningu einstaklings sem heimilisfastur er hér á landi og aflað hefur tekna bæði hér á landi og í samningsríki er algengast að beitt sé undanþáguaðferð með fyrirvara um stighækkandi skattlagningu. Sama á við eigi einstaklingurinn eignir erlendis. Útreikningur hér á landi fer þannig fram að tekjuskattur og útsvar reiknast af heildartekjum en gjöldin eru síðan lækkuð hlutfallslega miðað við hlutfall erlendra tekna í heildartekjum.

Til skýringar má taka eftirfarandi dæmi:

Einhleypingur aflar tekna á Íslandi og í Danmörku. Heildarlaun eru kr. 2.300.000. Þar af er kr. 300.000 aflað í Danmörku eða 13,04% af heildartekjum. Stofn til álagningar tekjuskatts og útsvars er kr. 2.220.000 (að teknu tilliti til frádráttar vegna iðgjaldagreiðslna í lífeyrissjóð, 4% af kr. 2.000.000).

Frumálagning:

Tekjuskattur (29,31% af kr. 2.220.000)	kr.	650.682
Frá dregst persónuafsláttur	kr.	(286.944)
Tekjuskattur	kr.	363.738
Lækkun vegna tekna erlendis, 13,04%	kr.	47431
<hr/>		
Tekjuskattur verður	kr.	316.307
Útsvar (11,57% af kr. 2.220.000)	kr.	256.854
Lækkun vegna tekna erlendis, 13,04%	kr.	33.494
<hr/>		
Útsvar verður	kr.	223.360

2. Frádráttaraðferð.

Samkvæmt frádráttaraðferðinni eru erlendar tekjur hluti af skattstofni skattaðila. Skattstofninn samanstendur því af tekjum, sem aflað er bæði í heimilisfestisríki og í upprunaríki. Er byggt á því að allar tekjur séu einnig skattlagðar í heimilisfestisríki en skattinn skuli að hámarki lækka sem nemur jafnhárrí fjárhæð og skatti þeim sem greiddur var af tekjunum í samningsríkinu. Oft takmarkast lækkunin þó við þá skatta, sem komið hefðu til greiðslu í heimilisfestisríki, ef fullur skattlagningarréttur hefði verið þar.

Til skýringar má taka eftirfarandi dæmi:

Einhleypingur aflar tekna á Íslandi og fær enn fremur stjórnarlaun frá Danmörku. Stjórnarlaunin nema Dkr. 70.000 og af þeim hefur verið haldið eftir Dkr. 21.000 í skatt í Danmörku (30%). Miðað er við meðalkaupgengi (11,54%).

Ísland:

Laun	kr.	3.500.000
Ökutækjastyrkur	kr.	300.000
Dagpeningar	kr.	300.000
<hr/>		
	kr.	4.100.000

Danmörk:

Stjórnarlaun	kr.	807.800
Heildartekjur	kr.	4.907.800

Frádráttur frá íslenskum tekjum:

Ökutækjastyrkur	kr.	300.000
Dagpeningar	kr.	300.000
Lífeyrissjóðsiðgjald	kr.	140.000
<hr/>		
	kr.	740.000

Sameiginlegur frádráttur:

Frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri á árinu 1997 er kr. 77.940.

Stofn til álagningar tekjuskatts og útsvars er kr. 4.089.860.

Tekjur í Danmörku eru 19,76% af heildartekjum.

Frumálagning:

Tekjuskattur (29,31% af kr. 4.089.860)	kr.	1.198.739
Sérstakur tekjuskattur (7% á tekjur umfram kr. 3.120.000)	kr.	67.890
Frá dregst persónuafsláttur	kr.	286.944
<hr/>		
Tekjuskattur á Íslandi	kr.	979.684
Útsvar (11,57% af kr. 4.089.860)	kr.	473.197
(meðaltalsútsvar í staðgreiðslu 1997)		

Hámarkslækkun:

19,76% af tekjuskatti	kr.	193.586
19,76% af útsvari	kr.	93.504
<hr/>		
	kr.	287.090

Skattgreiðslur erlendis námu kr. 242.340 og takmarkast því lækkun gjalda hérlendis við þá fjárhæð. Er lækkuninni skipt í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild hvors skatts í heildarálagningu á tekjur. Álögð gjöld í frumálagningu voru samtals kr. 1.452.881. Þar af var tekjuskattur kr. 979.684 eða 67,44% en útsvar var kr. 473.197 eða 32,56%. Lækkun vegna skattgreiðslna erlendis skiptist á milli tekjuskatts og útsvars í þessum hlutföllum.

Tekjuskattur í frumálagningu	kr.	979.684
Lækkun (67,44% af kr. 242.340)	kr.	163.434
<hr/>		
Tekjuskattur verður	kr.	816.250
Útsvar í frumálagningu	kr.	473.197
Lækkun (32,56% af kr. 242.340)	kr.	78.906
<hr/>		
Útsvar verður	kr.	394.291

Sá grundvallarmunur er á frádráttaraðferðinni og undanþáguaðferðinni að hin fyrrnefnda lækkar eingöngu skattkröfu heimilisfestisríkisins en ekki skatt-

stofninn sem slíkan, líkt og hin síðarnefnda. Með undanþáguaðferðinni er litið til tekna, en með frádráttaraðferðinni skiptir greiddur skattur öllu máli.

LOKAORÐ

Hér hefur verið stiklað á stóru í lýsingu á gildi og gagnsemi tvísköttunarsamninga. Með þeim er unnt að koma í veg fyrir tvísköttun en í þeim felst engin sjálfstæð heimild til skattlagningar. Um sjálfa skattlagningarheimildina fer eftir lögum þeirra ríkja sem í hlut eiga. Enn fremur er rétt að undirstrika, að þó tvísköttunarsamningar séu að meginstefnu til samhljóða, þá geta sum ákvæði þeirra verið ólík og því er alltaf nauðsynlegt að gæta vel að ákvæðum þess tvísköttunarsamnings sem við á í hverju tilviki fyrir sig.

GILDANDI TVÍSKÖTTUNARSAMNINGAR ER ÍSLAND HEFUR GERT VIÐ ÖNNUR RÍKI

1. Samningur á milli Íslands og Þýskalands, sbr. auglýsingu nr. 13/1971.
2. Samningur á milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, sbr. auglýsingu nr. 22/1975.
3. Samningur á milli Íslands og Sviss, sbr. auglýsingu nr. 3/1989.
4. Samningur á milli Íslands og Bretlands, sbr. auglýsingu nr. 32/1991.
5. Samningur á milli Íslands og Sviss, sbr. auglýsingu nr. 8/1992.
6. Samningur á milli Íslands og Eistlands, sbr. auglýsingu nr. 4/1995.
7. Samningur á milli Íslands og Lettlands, sbr. auglýsingu nr. 5/1995.
8. Samningur á milli Íslands og Kína, (óbirtur).
9. Norðurlandasamningur til að koma í veg fyrir tvísköttun (óbirtur).
10. Samningur á milli Íslands og Kanada (óbirtur).

Samningar sem undirritaðir hafa verið en sem hafa ekki tekið gildi:

Tvísköttunarsamningur við Holland hefur verið undirritaður en ekki tekið gildi.

Árituð samningsdrög:

Árituð hafa verið drög að tvísköttunarsamningum við Litháen, Lúxemborg, Víetnam, Pólland og Belgíu.

Fyrirhugaðar samningaviðræður:

Viðræður eru hafnar við Tékkka um tvísköttunarsamning og fyrirhugaðar eru samningaviðræður við Rússa og Slóvaka.

Enn fremur mun á næstunni fara fram endurskoðun á samningum við Þýskaland og Bandaríki Norður-Ameríku.